



## Tillögur fyrir aðalfund IcelandSIF þann 25. maí 2023

### Tillaga um þóknun til stjórnarmanna

Lagt er til að ekki verði greidd stjórnarlaun.

### Tillögur vegna stjórnarkjörs

Í samræmi við 6. gr. samþykktta félagsins skal stjórn skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Tilkynna skal framboð til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund eða þann 20. maí n.k.

Eftirfarandi tillögur hafa núþegar borist um framboð til stjórnar:

- Anna Þórdís Rafnsdóttir, forstöðumaður sjálfbærni hjá Kvikubanka
- Arnar Sveinn Harðarson, lögmaður og fulltrúi hjá Logos
- Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Eyrún Anna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar og miðlunar Landsbankanum
- Halla Kristjánsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar LSR
- Kristín Halldórsdóttir, viðskiptastjóri í eignastýringu Íslandsbanka
- Dr. Reynir Smári Gylfason, forstöðumaður sjálfbærni hjá Creditinfo

### Tillaga um kosningu endurskoðanda/skoðunarmanns

Tillaga um að Deloitte ehf., kt. 521098-2449, verði kjörið endurskoðandi félagsins.

### Tillaga um félagsgjald

Lagt er til að árlegt félagsgjald sem hefur verið óbreytt frá 2017 hækki um eftirfarandi:

- Fyrir aðildarfélög: að félagsgjald hækki úr kr. 300 þúsund í kr. 350 þúsund fyrir aðila með eignir yfir 100 ma.kr. í stýringu og úr kr. 150 þúsund í kr. 175 þúsund fyrir aðila með eignir undir 100 ma.kr. í stýringu.
- Fyrir aukaðila: að félagsgjald hækki úr kr. 150 þúsund í kr. 175 þúsund.

### Tillögur stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins:

Í samræmi við 8. gr. samþykktta félagsins er heimilt að breyta samþykktum þess með samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi eða aukafundi. Breytingin tekur gildi frá og með þeim fundi sem hún er samþykkt á.

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar og/eða viðbætur á samþykktum félagsins:

- 1. gr.** – *Aukaheiti félagsins er IceSIF og er notað í markaðslegum tilgangi.*
- 2. gr., 3. gr., 5. gr.** – *Lagfæringar á málfari.*
- 6. gr.** – *Kjörgengnir í stjórn eru starfsmenn félagsaðila.*
- 10. gr.** – *Vísað er til breytinga á samþykktum árið 2022.*

Samþykktir IcelandSIF verða lagðar til samþykktar á aðalfundi og staðfestar af stjórn félagsins þann 25. maí 2023

Stjórnin.